



Reykjavík 5. desember 2023

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Landsbankans hf. gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun á aðgerðum Landsbankans hf. (hér eftir bankinn) gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í apríl 2022. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í nóvember 2023.

Markmið athugunarinnar var að leggja mat á skráningu og rekjanleika í kerfum bankans og áhættumat og áhættumiðaðar aðgerðir með hliðsjón af tilteknum áhættuþáttum. Þeir áhættuþættir sem voru sérstaklega teknir til skoðunar voru i) millibankaviðskipti, ii) reiðufjárviðskipti, iii) millifærslur fjármuna milli landa, iv) greiðslur af vörslureikningum og v) innheimtukröfur og innheimtuskuldabréf.

Skoðun umræddra áhættuþátta sneri í fyrsta lagi að því að leggja mat á umfjöllun og greiningar framangreindra áhættuþátta í áhættumati. Í öðru lagi var kannað hvernig viðskiptamenn bankans voru áhættumetnir og áhættuflokkaðir og hvort áhættuflokkun byggði á greinargóðum, skýrum og ígrunduðum forsendum. Loks var kannað hvernig áreiðanleikakannanir væru framkvæmdar og hvernig reglubundnu eftirliti væri sinnt með hliðsjón af áhættumati og þeim áhættuþáttum sem teknir voru til skoðunar. Framangreind atriði voru könnuð með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (hér eftir lög nr. 140/2018). Litið var til þeirra laga sem í gildi voru á meðan á vettvangsathugun stóð, þ.e. ekki var litið til þeirra breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 62/2022, um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti nr. 140/2018. Þá voru framangreind atriði einnig könnuð með hliðsjón af reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Landsbankinn hf. hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 140/2018, sbr. reglugerðir nr. 545/2019 og 745/2019. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Afmarkaðir þættir varðandi áhættumat á starfsemi vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka voru taldir ófullnægjandi. Mat á áhættu vegna millibankaviðskipta var ekki talið endurspegla fyrirbyggjandi hættu á peningabætti. Þá hafði ekki verið metin áhætta af innheimtuskuldabréfum í áhættumati bankans á starfsemi og þ.a.l. höfðu mildandi þættir í tengslum við

vöruna ekki verið kortlagðir. Í áhættumati bankans hafði ekki verið tekið mið af umfangi við greiningu á viðskiptamönnum bankans við mat á eðlislægri áhættu sem stafar af áhættuþættinum. Þá var enga aðferðarfræði að finna í áhættumatinu um skilvirkni mildandi þátta. Loks var umfjöllun og mat á skilvirkni mildandi þátta vegna millibankaviðskipta, reiðufjárviðskipta og innheimtukrafna ekki fullnægjandi í áhættumatinu. Með vísan til framangreinds var áhættumat bankans ekki talið í samræmi við 1. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 4. gr. og 1. mgr., 4. mgr., 5. mgr., c - lið 6. mgr. og 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 545/2019.

- Áhættumati á samningssamböndum og einstökum viðskiptum var talið ábótavant með því að mat á áhættuþáttum sem bankinn tók mið af var ekki fullnægjandi og endurspeglaði ekki skilning bankans á hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka með fullnægjandi hætti. Þá var bankinn ekki að horfa til allra þeirra lágmarksáhættuþátta við áhættuflokkun samningssambanda og einstakra viðskipta sem geta aukið eða dregið úr áhættu vegna peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Með vísan til framangreinds var áhættumat bankans á samningssamböndum og einstökum viðskiptum ekki talið í samræmi við 1. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 745/2019 og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 545/2019.
- Framkvæmd áreiðanleikakannana á erlendum fjármálafyrirtækjum sem voru með vostro reikninga hjá bankanum var talið ábótavant. Þá kom í ljós að ekki höfðu verið framkvæmdar auknar áreiðanleikakannanir í tilfelli fjármálafyrirtækja utan aðildarríkja. Tekið var úrtak fjögurra fjármálafyrirtækja, tveggja innan aðildarríkja EES og tveggja utan aðildarríkja EES. Með vísan til framangreinds var framkvæmd bankans ekki talin í samræmi við 10. og 15. gr. laga nr. 140/2018, sbr. b-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana samhliða óvenjulegum eða grunsamlegum reiðufjárviðskiptum var talið að nokkru ábótavant, bæði í tilviki reiðufjárviðskipta aðila með íslenska kennitölu og í tilfelli einstaklinga sem eru ekki með íslenska kennitölu. Með vísan til framangreinds var framkvæmd bankans ekki talin í samræmi við f-lið 8. gr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Framkvæmd aukinnar áreiðanleikakönnunar á einum áhættusömum viðskiptamanni var talið ábótavant. Þá hafði ekki verið kannaður uppruni auðs raunverulegs eiganda viðkomandi viðskiptamanns og uppruni fjármuna sem nota átti í samningsbandinu. Með vísan til framangreinds var framkvæmd aukinnar áreiðanleikakönnunar bankans á viðskiptamanninum ekki talin í samræmi við c-lið 1. mgr. 13. gr. og b-lið 2. mgr. 17. gr. laga nr. 140/2018.
- Framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana vegna rannsókna á flöggum voru í fimm tilvikum, af þeim flöggum sem voru úrtaki fjármálaeftirlitsins, talið ábótavant en ekki hafði verið rannsakað með fullnægjandi hætti bakgrunnur og tilgangur

flókinna eða óvenjulegra færslna sem höfðu flaggað í eftirlitskerfi bankans. Með vísan til framangreinds var framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana ekki talin í samræmi við 3. mgr. 13. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 745/2019.

- Áhættumiðuðu eftirliti í kjölfar tilkynninga til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu var talið ábótavant. Í tveimur tilvikum var ekki gripið til aðgerða vegna síðari viðskipta áður tilkynntra viðskiptamanna í samræmi við áhættu. Með vísan til framangreinds var framkvæmd bankans ekki talin í samræmi við 1. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Virkni reglna í færslueftirlitskerfi var talið að nokkru ábótavant, en fjallað var um fjögur tilvik þar sem reglurnar virkuðu ekki með þeim hætti sem lagt var upp með. Þannig hafði færslueftirlitskerfi bankans í þessum tilvikum ekki flaggað viðskiptum eða færslum miðað við fyrir fram ákveðnar forsendur. Með vísan til framangreinds var reglubundið eftirlit bankans ekki talið í samræmi við a-lið 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 745/2019.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn myndi fela innri endurskoðun að gera úttekt á hvort farið hafi verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerð yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði fjármálaeftirlitinu.